

Ed.

613. Frumvarp til laga

[252. mál]

um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins eru sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál.

2. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins annast eftirtalin verkefni:

1. Að afla raforku, dreifa henni og selja, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu á orkuveitusvæði sínu.
2. Að selja til hitaveitna heitt vatn, hitað í kyndistöðvum Rafmagnsveitna ríkisins.
3. Önnur verkefni sem ráðherra kann að fela þeim.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar. Stjórnin hefur ásamt rafmagnsveitustjóra á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Rafmagnsveitustjóri hefur á hendi daglega stjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess. Hann gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun Rafmagnsveitna ríkisins og ber ábyrgð á fjárreiðum þeirra.

Nánari ákvæði um starfssvið rafmagnsveitustjóra skulu sett í reglugerð.

Ráðherra ræður, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, forstöðumenn aðaldeilda Rafmagnsveitna ríkisins og svæðisrafveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri ræður annað starfslið fyrirtækisins í samráði við forstöðumenn viðkomandi deilda.

Um starfskjör fastráðinna starfsmanna fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

5. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins afla fjár til nauðsynlegra framkvæmda:

1. Með ráðstöfun fjár úr rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.
2. Með lántökum.
3. Með sérstöku stofntillagi eiganda til rafvæðingar í sveitum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

4. Með sérstöku stofntillagi eiganda til framkvæmda í raforkumálum sem ráðist er í vegna byggðasjónarmiða og ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga.

5. Með öðrum sérstökum fjárframlögum.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um nýjar framkvæmdir, þar með taldar framkvæmdir samkvæmt 3. og 4. tl. 1. mgr., lántökur og önnur fjárframlög. Rafmagnsveitustjóri skal auk þess gera framkvæmda- og fjárhagsáætlun til næstu fjögurra ára eða lengri tíma samkvæmt ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af starfsemi skal varið til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra og nauðsynlegri eignaaukningu. Ennfremur er heimilt að leggja allt að 10% af heildartekjum fyrirtækisins í varasjóð. Tekjuafgangur sá, sem eftir verður þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í ríkissjóð.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning Rafmagnsveitna ríkisins.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar á meðal um:

1. Starfssvið og starfshætti stjórnar.
2. Stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningar svo og um meðferð varasjóðs.
3. Starfsmannahald og verkaskiptingu aðaldeilda.
4. Skilyrði sem Rafmagnsveitur ríkisins mega setja rafveitum sem kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri svo og til að tryggja Rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir þá orku er þær selja og til að stuðla að góðri nýtingu orkunnar.
5. Skiptingu orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

8. gr.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er svæði utan orkuveitusvæða annarra rafveitna eftir því sem mannvirki þeirra til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

9. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda. Stöðva má afhendingu rafmagns ef ekki er staðið í skilum með greiðslur á réttum eindaga og gjaldanda hefur sannanlega verið sýnd greiðsluáskorun.

10. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignarafsals til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða fasteignagjöld af íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæði í eigu fyrirtækisins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli orkulaga nr. 58/1967 og 12. og 14. gr. laga nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð á núverandi skipan að flutt eru sérstök lagafrumvörp um einstök fyrirtæki á sviði orkumála. Með því móti er á skipulegri hátt en nú er greint milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála og lagaákvæða um einstök fyrirtæki, sjóði og stofnanir. Eitt þeirra lagafrumvarpa er frumvarp það til laga um Rafmagnsveitur ríkisins sem hér er lagt fram.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði það skipulag á stjórn fyrirtækisins sem komið hefur verið á undanfarin ár, sérstaklega skipting orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitna ríkisins er í Reykjavík og hefur hún á hendi yfirstjórn fyrirtækisins undir stjórn rafmagnsveitustjóra. Starfsemi er nú skipt í aðaldeildir, þ. e. áætlanadeild, fjármáladeild, rekstrardeild, starfsmannadeild, tæknideild og tölvudeild, auk Kröfluvirkjunar (sbr. meðfylgjandi skipurit).

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitna ríkisins annast sameiginlega þætti starfseminnar sem hagkvæmt er að hafa á einum stað, svo sem sameiginlegar fjárreiður, bókhald, innheimtu, tölvuvinnslu, innkaup, gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana, undirbúning og framkvæmd ákveðinna verka.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er nú skipt í sex rekstrarsvæði sem hverju um sig er stjórnað af svæðisrafveitustjóra.

Rekstrarsvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru:

1. Svæði sem afmarkast af Vesturlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu í Stykkishólmi.
2. Svæði sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi vestra, með svæðisskrifstofu á Blönduósi.
3. Svæði sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi eystra, með svæðisskrifstofu á Akureyri.
4. Svæði sem afmarkast af Austurlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu á Egilsstöðum.
5. Svæði sem afmarkast af Suðurlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu á Hvolsvelli.
6. Svæði sem afmarkast af Reykjaneskjördæmi, en því svæði er stjórnað frá Reykjavík.

Starfssvið svæðisskrifstofanna er umsjón með starfsemi Rafmagnsveitnanna á viðkomandi rekstrarsvæði undir yfirstjórn aðalskrifstofu í Reykjavík.

Með samningi þeim sem gerður var þann 11. ágúst 1982 milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar er ráð fyrir því gert að Landsvirkjun taki að sér að reisa og reka nýjar vatnsaflsvirkjanir á Norður- og Austurlandi frá og með 1. október 1982. Einnig tók Landsvirkjun þann 1. janúar 1983 við uppbyggingu og rekstri á 132 kV meginstofnlínakerfi landsins, hinum svonefndu byggðalínunum. Með gerð þessa samnings er hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins breytt á þann veg að framvegis munu þær fyrst og fremst annast flutning og dreifingu á raforku innan hinna einstöku landshluta, nema þar sem önnur raforkufyrirtæki gegna því hlutverki. Eftir sem áður munu Rafmagnsveitur ríkisins þó sjá um rekstur eigin orkuvera.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga verulegan hluta í flestum aðveitustöðvum byggðalína og sjá um rekstur á þeim hluta, auk þess hafa Rafmagnsveiturnar samkvæmt sérstökum samningi tekið að sér þjónustu fyrir Landsvirkjun á eignarhluta hennar í viðkomandi aðveitustöðvum ásamt byggðalínunum. Ennfremur eiga Rafmagnsveiturnar 50% af fjargæslu-kerfi og raflínusíma byggðalína og sjá um rekstur á hluta Landsvirkjunar í þessu stjórnkerfi.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru að lögfest verður til frambúðar sú skipan stjórnar Rafmagnsveitnanna sem nú er ákveðin með lögum um verðjöfnunargjald og framlengd hefur verið árlega. Telja verður það óviðunandi festuleysi um skipan mála er varða yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins að ákvæði um stjórn fyrirtækisins séu til eins árs í senn.

Hlutverk Rafmagnsveitnanna er í frumvarpinu skilgreint með hliðsjón af breyttu starfssviði fyrirtækisins sem leiðir af ofangreindum samningi og þeirri stefnumörkun að Landsvirkjun skuli vera aðalorkuöflunarfyrirtæki landsmanna.

Það nýmæli er og í frumvarpinu að lagt er til að rafmagnsveitustjóri verði skipaður til 5 ára í senn. Er það í samræmi við mótaða stefnu og viðhorf um endurnýjun í ædstu stöður framkvæmdavaldsins.

Þá er það nýmæli í frumvarpinu að skilgreint er orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga nú vatnsaflsvirkjanir víða um land. Uppsett afl þeirra er um 14 MW og raforkuframleiðslan að jafnaði samtals um 95 GWh á ári. Frá 1. janúar 1979 hafa Rafmagnsveitur ríkisins annast yfirumsjón með uppbyggingu og rekstri Kröfluvirkjunar, en á árinu 1982 nam orkuvinnsla hennar um 113 GWh. Að öðru leyti kaupa Rafmagnsveiturnar raforku frá öðrum, aðallega Landsvirkjun, og flytja hana eftir stofnlínukerfum með 33 til 132 kílóvolta spennu. Stofnlínur þessar eru samtals rúmlega 1300 km að lengd og eru þær í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum.

Á árinu 1982 nam orkuvinnsla í orkuverum Rafmagnsveitna ríkisins 222 GWh en frá öðrum voru keyptar 635 GWh. Orkuvinnsla í eigin orkuverum, þar með talin Kröfluvirkjun, nam því um 26% af heildarorkuöfluninni 1982.

Þá eiga og reka Rafmagnsveitur ríkisins um 60 aðveitustöðvar víðsvegar um land. Um 90% af dreifikerfum í sveitum landsins, með 11 og 19 kílóvolta spennu, eru í umsjá Rafmagnsveitna ríkisins og heildarlengd þeirra lína um 6150 km.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka dreifistöðvar á um 50 þéttbýlisstöðum á landinu en selja raforku í heildsölu til rúmlega 210 aðila, einkum rafveitna í eigu þéttbýlissveitarfélaga.

Á árinu 1982 seldu Rafmagnsveitur ríkisins 221 GWh af raforku í smásölu í sveitum landsins, 216 GWh í smásölu í þéttbýlisstöðum og 311 GWh í heildsölu, sem er um 42% af heildarraforkusölunni.

Þá eiga Rafmagnsveitur ríkisins rúmlega 30 olíurafstöðvar með samtals um 35 MW af uppsettu afli. Að síðustu má geta tveggja kyndistöðva sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka á Höfn í Hornafirði og á Seyðisfirði í tengslum við hitaveitur.

Í árslok 1982 voru íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins um 46 þúsund en sölumælar voru þá rétt tæplega 20 þúsund að tölu.

Rafvæðingu í sveitum og styrkingu dreifikerfa í sveitum hefur frá upphafi orðið að fjármagna með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði, þar eð rekstrarútgjöld vegna dreifikerfanna eru yfirleitt hærri en tekjurnar.

Hluti af þessum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er þess eðlis að tekjur af þeim nægja ekki til að standa undir kostnaði og er því nauðsynlegt að fjármagna þær að hluta til með óafturkræfum framlögum eiganda sem er ríkissjóður. Þannig þurfa Rafmagnsveitur ríkisins oft að ráðast í framkvæmdir við stofnlínur og aðveitustöðvar o. fl., sem eru taldar nauðsynlegar vegna byggðasjónarmiða en eru ekki arðbærar vegna þess litla raforkumarkaðar, sem um er að ræða víða um land. Í frumvarpinu er því lagt til að tekin verði upp skýrari ákvæði um þennan þátt í starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um 2. gr. lið 1: Tölulíðurinn er efnislega óbreyttur frá núgildandi ákvæðum um sama efni.

Í tengslum við grein þessa er rétt að geta þess að meirihluti þeirrar raforku sem Rafmagnsveitur ríkisins dreifa er keyptur frá öðrum aðilum og þá aðallega frá Landsvirkjun. Á árinu 1982 keyptu Rafmagnsveitur ríkisins þannig 635 GWh af öðrum aðilum en orkuvinnsla í eigin orkuverum, þar með talin Kröfluvirkjun, var 222 GWh.

Um 2. gr. lið 2: Rafmagnsveitur ríkisins réðust í það á árunum 1980 og 1981 að byggja upp kyndistöðvar á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði til að hita vatn með rafmagni eða olíu og selja hitaveitum á viðkomandi stöðum. Lagt er til að fyrirtækið ráðist á næstu árum í uppbyggingu á fleiri kyndistöðvum ef athuganir leiða í ljós að slíkt sé arðbært.

Um 2. gr. lið 3: Sú staða getur komið upp að ráðherra orkumála telji eðlilegt að fela Rafmagnsveitum ríkisins ýmis verkefni sem að öðru jöfnu eru ekki í verkahring þeirra. Sem dæmi um þetta má nefna að frá og með 1. janúar 1979 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að annast yfirumsjón með rekstri Kröfluvirkjunar svo og framhald á byggingu virkjunarinnar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að í stjórn fyrirtækisins verði 5 menn, skipaðir af ráðherra orkumála. Er þessi skipun hin sama og verið hefur um árabil. Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni mann í stjórnina í stað Sambands íslenskra rafveitna. Þykir eðlilegra að Samband sveitarfélaga tilnefni mann þar sem fyrirtækið þjónar fjölmörgum sveitarfélögum sem ekki eiga aðild að Sambandi íslenskra rafveitna.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra skipi rafmagnsveitustjóra ríkisins til að vera forstjóra Rafmagnsveitnanna til fimm ára í senn. Þetta er í samræmi við stefnumótun um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins.

Í greininni er verksvið rafmagnsveitustjóra skilgreint en lagt til að um verksvið hans svo og önnur atriði er varða stjórn fyrirtækisins verði nánari ákvæði í reglugerð.

Vegna mikilvægis starfa forstöðumanna aðaldeilda og svæðisrafveitustjóra er lagt til að ráðherra ráði þá starfsmenn að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra. Lagt er til að rafmagnsveitustjóri ráði aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Um ráðningu starfsmanna gilda að öðru leyti almenn lög og starfsreglur um ráðningu ríkisstarfsmanna.

Um 5. gr.

Um 5. gr. lið 1: Eins og fram kemur í almennri greinargerð hér að framan er það fé, sem eftir stendur af tekjum Rafmagnsveitna ríkisins þegar rekstrarútgjöld hafa verið greidd, notað til að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum fyrirtækisins.

Um 5. gr. lið 2: Stofnkostnaður við raforkuframkvæmdir er almennt mikill og endingartími langur og er því nauðsynlegt fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að taka lán vegna framkvæmda hverju sinni þar sem eigin fjármögnun hrekkur ekki til.

Um 5. gr. lið 3: Rafvæðingu í sveitum landsins svo og styrkingu dreifikerfa í sveitum er óhjákvæmilegt að fjármagna með sérstöku stofntillagi eiganda sem er ríkissjóður.

Um 5. gr. lið 4: Hluti af almennum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins getur ekki borið sig fjárhagslega, svo sem ýmsar framkvæmdir við stofnlínur og aðveitustöðvar o. fl. sem Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að ráðast í og sem nauðsynlegar eru taldar m. a. vegna byggðasjónarmiða. Hér er því lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði veitt fé sem sérstakt stofnfjárframlag vegna slíkra framkvæmda.

Um 5. gr. lið 5: Nauðsynlegt getur reynst að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins með öðrum sérstökum fjárframlögum eins og gert er t. d. með svonefndu verðjöfnunargjaldi á raforku. Sama gildir einnig um fjárframlög vegna niðurgreiðslu á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförunum árum gert framkvæmdaáætlun til tveggja ára í senn, en einnig hafa verið gerðar framkvæmdaáætlanir til fimm ára. Hér er lagt til að lögfest verði að rafmagnsveitustjóri geri fjárhagsáætlanir til 4 ára eða lengri tíma ef ráðherra telur það rétt.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í grein þessari er lagt til að lögfest verði að orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins verði svæði utan orkuveitusvæða annarra rafveitna eftir því sem mannvirki fyrirtækisins til vinnslu, flutnings og dreifingar á raforku ná til. Um orkuveitusvæði annarra rafveitna fer samkvæmt 11. gr. orkulaga.

Orkuveitusvæðinu er skipt í sex rekstrarsvæði og skv. 5. tl. 7. gr. er lagt til að nánar verði í reglugerð kveðið á um skiptingu orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

Um 9. gr.

Lagt er til að tilhögun gjaldskrármála Rafmagnsveitna ríkisins verði óbreytt þannig að ráðherra setji þeim gjaldskrá að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra.

Þá er lagt til að lögfest verði úrræði Rafmagnsveitna ríkisins vegna vanskila og eru þau samhljóða ákvæðum þeim sem lagt er til að gildi um orkusölufyrirtæki almennt.

Um 10. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um skattfrelsi fyrirtækisins en verið hefur. Þá er tekið upp það nýmæli að gera Rafmagnsveitunum skylt að greiða opinber gjöld vegna íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæðis fyrirtækisins, en fyrirtækið hefur verið undanþegið slíkum gjöldum. Þessi breyting þýðir áætlaðan útgjaldaauka fyrir Rafmagnsveiturnar um kr. 150 000,- á árinu 1983. Þrátt fyrir það þykir ekki rétt að undanþiggja fyrirtækið fasteignagjöldum af slíku húsnæði heldur verði aðeins orkumannvirki í eigu Rafmagnsveitna ríkisins undanþegin slíkum gjöldum.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

RARIK

Rafmagnsveitur
ríkisins.

SKIPULAG
RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS
frá 1. júlí 1982

T. 7.05. '82 *Stella*

U. *Y. Jóns. Kj*

